

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Júlí 2018

## Skráð atvinnuleysi var 2,2% í júlí

Skráð atvinnuleysi í júlí var 2,2% og jókst um 0,1 prósentustig frá júnímánuði. Að meðaltali fjölgaði um 655 á atvinnuleysisrá í júlí í ár frá júlí í fyrra (2017), en þá mældist skráð atvinnuleysi 1,8%.

Atvinnuleysi var óbreytt á landsbyggðinni frá júnímánuði, en jókst um 0,1 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru 2.085 karlar að jafnaði atvinnulausir í júlí og 2.084 konur. Var atvinnuleysi 2,0% meðal karla og 2,4% meðal kvenna og jókst um 0,1 prósentustig meðal beggja kynja frá júní. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júlí eða 2,8% en minnst á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, 0,9%.

Alls fóru 437 einstaklingar af skrá í júlímánuði, þar af fóru 189 í vinnu eða vinnumarkaðsræði, eða um 43%. Þá var 171 (39%) einstaklingur afskráður því viðkomandi staðfestu ekki atvinnuleit í lok júlí, mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal, fengu synjun eða drógu umsókn til baka.

Alls kom inn 151 nýtt starf sem auglýst var í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júlí. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest stjórnunar-, sérfræði- og skrifstofustörf eða 46 störf. Þá voru auglýst 36 störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði o.fl. og 18 störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu.


Greiddar voru 1.005 milljónir í atvinnuleysistryggingar í júlí, 931 milljón vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga, 42 milljónir vegna tekjutengdra trygginga og 32 milljónir vegna barnadagpeninga.

Í júlí gaf Vinnumálastofnun út 203 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.134 atvinnuleyfi það sem af er ári.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 32 erlend fyrirtæki með útsenda starfsmenn hér á landi í júlí 2018. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja var samtals 206 og hefur þeim fjölgað um 5 frá síðasta mánuði.

Alls voru 1.454 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok júlí eða um 32% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 4,8% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Skráð atvinnuleysi frá júlí 2016 til júlí 2018



## Greining atvinnuleysis


# Atvinnuleysi í júlí og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í júlí mældist eins og fyrr segir 2,2% og voru að jafnaði 4.169 einstaklingar á atvinnuleysis-skrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 103 á atvinnuleysis-skrá frá júní. Hins vegar voru í júlí 655 fleiri á atvinnuleysis-skrá en í júlí 2017.

## Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júlí eða 2,8% og 2,4% á höfuðborgarsvæðinu. Minnsta atvinnuleysið var á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra 0,9%.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Alls voru 2.085 karlar að jafnaði atvinnulausir í júlí og 2.084 konur og var atvinnuleysi 2,0% meðal karla og 2,4% meðal kvenna. Atvinnuleysi jókst um 0,1 prósentustig milli mánaða hjá körlum svo og konum.

Alls voru 508 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok júlí í ár sem samsvarar um 1,6% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmennum hefur fjölgað um 81 frá júlí 2017 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldrarsbili var 427.

## Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 890 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júlí en voru 836 í júlílok 2017. Hefur þeim því fjölgað um 54 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra var um 20% af öllum á atvinnuleysis-skrá í júlí í ár en var um 22% í júlí í fyrra (2017).

## Atvinnugreinar og starfsstéttir


Nokkur fækkun atvinnulausra var í fiskveiðum, upplýsinga- og fjarskiptastarfsemi svo og í fjármála- og tryggingastarfsemi frá júlí 2017 en aukning í öðrum atvinnugreinum, mest í mannvirkjagerð, ýmsri sérhæfðri þjónustu svo og í gisti- og veitingastarfsemi.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði sérfræðingum á atvinnuleysis-skrá milli ára,, en mest fjölgun atvinnulausra varð hlutfallslega meðal iðnaðarmanna og véla- og vélgæslufólks.

## Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 1.454 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok júlí eða um 32% allra atvinnulausra og lækkaði úr 33% allra atvinnulausra í júní. Hins vegar hefur útlendingum farið fjölgandi á atvinnuleysis-skrá frá því s.l. haust. Þessi fjöldi samsvarar um 4,8% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysis-skrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysis-skrá komu frá Póllandi eða 818, sem er um 56% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysis-skrá. Því næst koma Litháar og Lettar, en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok júlí 2018



### Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi verði svipað í ágúst eins og í júlí en skráð atvinnuleysi er einna lægst frá maí til september vegna áhrifa árstíðasveiflu. Því má gera ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í ágúst verði á bilinu 2,0-2,2%.

### Þjónusta við atvinnuleitendur

## Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

### Atvinnuleitendur sem fóru af skrá


Alls fóru 437 einstaklingar af skrá í júlímánuði, þar af fóru 189 í vinnu eða vinnumarkaðsúrræði, eða um 43%. Þá var 171 (39%) einstaklingur afskráður því viðkomandi staðfestu ekki atvinnuleit í lok júlí, mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal, fengu synjun eða drógu umsókn til baka. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra 77 sem eftir standa, 10 fóru í atvinnuleit erlendis, 8 voru óvinnufærir og fóru einhverjir þeirra í starfsendurhæfingu eða í önnur endurhæfingarárræði, 8 fóru í

orlof, 14 í fæðingarorlof og 8 höfðu fullnýtt bótarétt sinn.

Karlar voru 53% þeirra sem afskráðust í júlí, sem er heldur lægra hlutfall en síðustu mánuði. Um 77% afskráðra, eða 335, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf t.ár og 15% (64) í 6 til 12 mánuði. Um 9% afskráðra (38 manns) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár. Hlutfallslega fleiri úr yngri aldurshópnum afskrást en þeir eldri, þannig voru 39% afskráðra úr hópi 18-29 ára og 30% úr hópi 30-39 ára. Nokkur munur er á afskráningarástæðum eftir aldri. Þannig nefna 58% fólks á aldrinum 50-59 ára að það hafi fengið vinnu meðan hlutfallið er á bilinu 37-47% í öðrum aldurshópum.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysisrá í júlí 2018



### Auglýst störf í vinnumiðlun í júlí

Alls kom inn 151 nýtt starf sem auglýst var í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júlí. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest stjórnunar-, sérfræði- og skrifstofustörf eða 46 störf. Þá voru auglýst 36 störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði o.fl. og 18 störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu.

Um 30% þessara starfa voru á höfuðborgarsvæðinu, 28% á Austurlandi og 18% á Norðurlandi vestra. Þá voru 24% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	46	30%
Þjónustustörf	30	20%
Afgreiðslustörf	13	9%
Iðnaðarmenn	8	5%
Verkafólk í þjónustu	18	12%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði ofl.	36	24%
<b>Samtals</b>	<b>151</b>	<b>100%</b>

### Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum


Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara þá af skrá tímabundið á meðan á úrræðinu stendur.

Í júlí tóku 347 einstaklingar þátt í slíkum úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum, sem er allmikil fækkun frá fyrra mánuði enda virkni af þessu tagi í lágmarki yfir hásumarið. Af þessum 347 voru 146 í ýmiss konar grunnúrræðum, en grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrángerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu.

Þá voru 39 einstaklingar á ýmis konar námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en nokkrir fóru á tölvu- og bókhaldsnámskeið og meirapróf eða vinnuvélanámskeið eða önnur starfstengd námskeið. Að auki voru 14 einstaklingar sem voru skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í júlí unnu 16 einstaklingar að slíkri hugmynd. Í starfsendurhæfingu, starfsþjálfun á vinnustað og fleiri atvinnutengdum úrræðum voru 12 manns.


Loks voru 120 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana.



### Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júlí var gefið út 71 slíkt vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru


Útflutt réttindi í atvinnuleysis-tryggingakerfinu eftir löndum, júlí 2018



Í atvinnuleit til Póllands eða 45 einstaklingar, 6 einstaklingar fóru til Litháen og 20 til 9 annarra ríkja. Það sem af er ári hafa verið gefin út 369 slík vottorð.

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í júlí voru gefin út 96 U1 vottorð sem er talsvert meira en í fyrra mánuði. Líkt og undanfarna mánuði voru flest vottorðin gefin út til Póllands (48), en einnig voru mörg vottorð gefin út til Tékklands (21) að þessu sinni. Hin 27 vottorðin dreifðust nokkuð mikið á 11 önnur ríki. Það sem af er ári hafa verið gefin út 608 U1 vottorð.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, júlí 2018




Það sem af er ári hefur Vinnumálastofnun lokið afgreiðslu 1.281 umsókna um atvinnuleyfi. Af þeim hafa líkt og áður hefur komið fram verið útgefin 1.134 leyfi.

Stofnunin hefur synjað 95 leyfum, fallið hefur verið frá 43 umsóknum og níu leyfi bíða staðfestingar á dvalarleyfi frá Útlendingastofnun.

Miðað við fjölda útgefna atvinnuleyfa það sem af er ári má gera ráð fyrir að heildarfjöldi þeirra muni verða í kringum 2.000 í lok árs. Á meðfylgjandi súluriti má sjá útgefin atvinnuleyfi eftir mánuðum 2016, 2017 og spá út árið 2018.

Útgefin atvinnuleyfi eftir mánuðum 2016, 2017, jan.-júlí 2018 og spá til ársloka



## Útlendingar

# Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

### Stefnir í að Vinnumálastofnun gefi út um 2.000 atvinnuleyfi á árinu 2018

Í júlí gaf Vinnumálastofnun út 203 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.134 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í júlí voru 47 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 54 framlengd leyfi og 102 leyfi til námsmanna.

### Fjöldi starfsmanna hjá starfsmannaleigum virðist hafa náð jafnvægi


Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 32 erlend fyrirtæki starfandi í júlí 2018. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja var samtals 206 og hefur þeim fjölgað um 5 frá síðasta mánuði.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.584 í mánuðinum á vegum 26 starfsmannaleiga. Þessum starfsmönnum hefur því fjölgað um 32 milli mánaða. Í júlí mánuði árið 2017 voru 1.879 starfsmenn starfandi á vegum starfsmannaleiga á íslenskum vinnumarkaði. Því eru 295 færri starfandi með

Þessum hætti í ár en fyrir ári síðan. Er það í takt við þróun fjölda starfsmanna hjá starfsmannaleigum það sem af er þessu ári, en að meðaltali hafa rúmlega 1.500 einstaklingar verið starfandi fyrir starfsmannaleigur í hverjum mánuði á þessu ári.

Til samanburðar var meðaltal fyrstu sjö mánuði ársins 2017 tæplega 1.300, en hins vegar jókst fjöldi starfsmanna mjög skarpt milli júní og júlí það ár eða um rúmlega 200 manns. Hefði fjölgun starfsmanna starfsmannaleiga á þessu ári verið sambærileg og árið 2017 hefðu átt að vera um 2.500 til 2.800 starfsmenn starfandi á þeirra vegum í júlí mánuði 2018. Hefur því hægt verulega á fjölgun starfsmanna hjá starfsmannaleigum og virðist sem jafnvægi hafi náðst á þeim markaði.

Umtalsvert meiri velta hefur þó verið á starfsmönnum starfsmannaleiga það sem af er þessu ári en á sama tíma fyrir ári. Í heild hafa verið skráðir 2.708 starfsmenn hjá starfsmannaleigum það sem af er 2018, en á sama tíma í fyrra (2017) höfðu eingöngu verið skráðir 2.348 starfsmenn.



## ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI

### 26 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota  
fyrirtækja í júlí

Sjá nánar tölulegar upplýsingar á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar og í [excelskjölum](#).

### Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

**Pdf skjöl** fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

**Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi** og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra